Leiðbeiningar



Ath. Nota skal litakvarðan á boxinu

Stærðir Softub pottanna:

T-140	**140 gallon**
T-220	**220 gallon**
T-300+	**300 gallon**

Við fyrstu áfyllingu skal látið renna í pottinn um það bil 5-10 cm, helst volgt vatn. Að því búnu skal dúkurinn lagður sléttur með hliðum og í botninn. Síðan er potturinn fylltur í það minnsta 3-5 cm upp fyrir efsta stút. *(munið að setja ólarnar undir pottinn)*

Með öllum pottum fylgir kassi með efnum til íblöndunar og strimlum til að meta ástand vatnsins.
Á litaleiðbeiningunum utan á umbúðum strimlana (sjá mynd) er merking ("← ok →") fyrir æskilegan styrk klórs, ph-gildi og alkalinity.

Ástand vatnsins metið.

Takið strimil og bleytið hann með vatni pottsins.
Berið litina saman við liti kvarðans.

Efni sett í pottinn:

Fyrst skal athugað hvort alkalinity-gildið sé rétt og það stillt af.
Ef alkalinity-gildið er yfir 150 ppm skal setja 1 oz af "ph down" í pottinn. En annars 1/2 oz af "ph down" til að lækka gildið eða 1/2 oz af "ph up" til að hækka gildið í hvert skipti þar til réttu gildi hefur verið náð.
Bíðið í 15-30 mín á milli mælinga.

Almennt er ph-gildið orðið rétt eftir að alkalinity-gildið hefur verið stillt af.
Ef ekki, skal það hækkað eða lækkað á sama máta (1/2 oz í senn með sömu efnum).
Ph-gildið er nokkuð stöðugt en lækkar lítillega með tímanum það er því nauðsynlegt að láta PH-up í vatnið öðru hverju.
Rétt ph-gildi lágmarkar notkun á klór… en rangt ph-gildi getur skemmt dúkinn.

Æskilegt klórmagn er um það bil 3-5 ppm. Skammtað skal í hlutföllunum 1/2 oz. í 500 gallon.

Mikilvæg er að setja 4-6 oz. af Calcium up út í vatnið í hvert skipti sem það er endurnýjað. Það eykur endingu pottsins.

Nauðsynlegt er að fylgjast með klórmagninu daglega svo potturinn sé laus við bakteríur og vatnið tært.

Mælt er með að sía pottsins sé hreinsuð mánaðarlega. Æskilegt er að sían sé í volgu vatni þegar henni er smellt af og á. Volt vatn mýkir síuna. Takið því síuna af áður en potturinn er tæmdur.

Þegar potturinn er þrifinn, skal eingöngu nota efni sem ætluð eru fyrir vinyl.

Valkostur: *Hitun aðeins einu sinni á sólarhring.*
Til þess þarf að halda niðri *plús*- og *"Light"-takkanum* þangað til talan 24 kemur á stjórnborðið. Þá fer potturinn einungis í hitun á þeim tíma sem stillingin var virkjuð en ekki öðrum.

Nokkur atriði sem gæta skal að:

Dúkur pottsins þolir ekki heitara vatn en rúmar 40°, gætið þess að ekki renni í pottinn heitara vatn.

Ekki má staðsetja pottinn nær hlutum úr málmi en 1,5m nema jarðtengja á milli (sjá handbók). Hafið engin rafmagnstæki nær pottinum en 1,5m.

Ef taka á pottinn úr notkun að vetri til og geyma hann utan dyra þarf að fyrirbyggja frostskemmdir á eftirfarandi hátt:
Tæma skal pottinn, aftengja dælubúnaðinn, vísa hosum dælunnar niður á við og láta allt vatn renna út af dælunni, einnig skal reisa pottinn upp á endann og láta renna úr lögnunum.

Nota skal breiðar strekkiólar ef binda á pottinn niður vegna flutnings.

Á vefsíðunni **www.JonBergsson.is** eru upplýsingar um alla fylgihluti og hreinsiefni sem við eigum á lager ásamt verðum.

Leiðbeinandi hitastig fyrir fullorðna er 38° - 40°.
Ungbörn og konur í barneigna hugleiðingum ættu ekki að hafa vatnið heitara en 38°, þetta á einnig við fyrstu mánuði meðgöngu. Ekki er æskilegt að börn séu langan tíma í senn í heitum potti.

Skiljið börn aldrei eftir ein í eða við pottinn.

Þessum leiðbeiningum er ætlað að draga saman í stuttu máli það helsta sem máli skiptir við notkun Softub pottanna en kemur ekki í stað þeirra leiðbeininga sem eru í handbókinni. Handbókin skal því lesin áður en potturinn er tengdur og tekinn í notkun.

Um leið og við óskum þér og þínum til hamingju með Softub pottinn er það von okkar að hann veiti ykkur ánægju og betri líðan.

JÓN BERGSSON EHF.

Símar: 867-3284 588-8886